

Skýrsla um aðdraganda HM 2023 í hestaíþróttum ásamt umfjöllun um mótið sjálft frá sjónarhorni U21 árs landsliðsþjálfarans –

Hekla Katharína Kristinsdóttir
Landsliðsþjálfari U-21
13.9.2023

Hér mun ég stikla á stóru yfir það sem sett var á oddinn hjá mér á þessu stóra HM ári. Allt frá því að ég valdi fyrsta úrtak hópsins síðastliðið haust og þar til ég sest niður við þessi skrif.

Þann 14.nóvember kynnti ég nýjan landsliðshóp og gerði ansi róttækar breytingar frá fyrri árum. Ég fækkaði í landsliðshópnum. Fór úr 16 knöpum í 12 knapa og var opin með það að hópurinn myndi stækka þegar líða tæki á tímabilið og knapar með frambærileg hross fyrir HM kæmu fram á sjónarsviðið.

Mætti ég töluverðum efasemdum (eðlilega) með þetta fyrirkomulag og þurfti ég verulega að treysta mínu innsæi og standa með sjálfri mér í því að ég teldi að þetta væri rétt afstaða til verkefnisins (sem var á þessu ári HM í Hollandi).

Landsliðið í hestaíþróttum er afreksstarf þar sem við erum að hjálpa afreksíþróttamönnum að ná sínu allra besta fram. Þessir afreksíþróttamenn verða síðan fulltrúar okkar á HM.

Ég stóð einnig við það sem ég hafði sagt og áður en lokaval fyrir HM fór fram samanstóð hópurinn af 16 knöpum í U21 árs landsliðshópnum. Þá hafði ég bætt við 4 knöpum sem buðu hestakost sinn falan til að fara út á HM 2023.

Starfið var því gríðarlega sýnilegt. Knapar stigu upp sem ég hefði aldrei valið inn í hópinn að hausti en þeir sýndu svo sannarlega hvað í þeim bjó með frábærum hestakosti og góðri reiðmennsku á tímabilinu og komust því verðskuldað inní hópinn.

Fyrsta úrtak hópsins var :

Arnar Máni Sigurjónsson

Benedikt Ólafsson

Björg Ingólfssdóttir

Glódís Rún Sigurðardóttir
Herdís Björg Jóhannsdóttir
Jón Ársæll Bergmann
Kristófer Darri Sigurðsson
Matthías Sigurðsson
Sara Dís Snorradóttir
Signý Sól Snorradóttir
Védís Huld Sigurðardóttir
Þórgunnur Þórarinsdóttir

Á undirbúningstímabili bættust við :

Guðmar Hólm Ísólfsson
Guðný Dís Jónsdóttir

Á keppnistímabili bættust við :

Sigríður Ingibjörg Einarsdóttir
Egill Már Þórsson

Dagskrá vetrarins var frábær að mínu mati og hér stikla ég á stóru í því máli :

- Mælingar hjá Rúnari Hjálmarssyni frjálsíþróttapjálfa á Selfossi.
9. desember. Þarna lét hann þau hafa hreyfiplan sem þau áttu að fylgja. Flest þeirra gerðu það og sáust líka stórar bætingar hjá þeim aðilum sem fylgdu planinu.
19. mars. Sömu próf og tekin staðan á því hvort knapar væru að bæta sig, standa í stað eða stóðu verr að vígi.
Þessar líkamlegu mælingar hjá Rúnari eru ómetanlegur hluti af starfi U21 árs liðsins. Hjálpar þeim við agann og gefur þeim gott aðhald. Einnig er Rúnar gríðarlega spenntur fyrir því að halda áfram að vinna með U21 og er t.d. búinn að leggja grunninn í Háskóla Reykjavíkur til að bæta jafnvel örlítið við eða breyta mælingunum til þess að þær hjálpi okkur enn betur með markmið okkar sem er að verða betri knapar og íþróttamenn.
- Fyrirlestrar

Teitur Árnason talaði við hópinn um sína Heimsmeistaramóts reynslu

Hinrik Sigurðsson kom með innlegg um Hugarþjálfun

Agnes Þóra Árnadóttir íþróttanæringarfræðingur og styrktarþjálfari

Frábærir fyrirlestrar á Allra sterkustu sem LH sá um að skipuleggja

Fyrirlestur Sigurbjörn Bárðarson um skeið og þjálfun skeiðhesta

- Þáttaka í menntadegi A-landsliðsins í desember
- Þáttaka í Allra sterkustu fjáröflun landsliðsins
- Horseday appið gaf U21 árs meðlimum landsliðsins aðgang að premium aðgangi appsins. Haldin var flottur fundur með Oddi Ólafssyni og hann kynnti appið vel fyrir okkur.

Þetta var ágætlega heppnað og nokkrir knapanna notuðu appið. Líklega hefði mátt vera enn meira utanumhald um þetta og meiri hvatning fyrir þau að nota appið en ég náði ekki að fylgja því eftir. Reyndi að hvetja þau til að nota það og sérstaklega til að skrá niður hvað þau væru að gera með hestinn og hvenær til dæmis væri verið að járna hestinn og það allt væri þá í föstum skorðum.

- Helgarhittingur með Heklu Katharínu og Sigurbirni Bárðarsyni 13 – 14.janúar í Eldhestum.

Stútfull helgi af fróðleik, reiðkennslu og innleggi til þeirra.

Skemmtileg helgi með góðri stemmningu.

Gríðarlega mikilvægt innlegg fyrir mig inni veturinn og ávallt frábært að fá Sigurbjörn og var þetta áframhald á okkar frábæra samstarfi með landsliðið sem hélst frábært allan tímann.

- Upphitunarhestar fyrir Meistaradeildina. Í ár voru margir af knöpunum í U21 orðnir liðsmenn í liðunum í Meistaradeildinni. Þar af leiðandi var erfitt að manna greinarnar með U21 árs landsliðsknöpunum.

Þetta verkefni hefur mér þótt minnst spennandi í U21 árs vinnunni og langar ekki að taka þátt í því meir.

Ástæðan : mikil vinna landsliðsþjálfara sem er eiginlega aldrei á staðnum og því verður utanumhaldið full þungt. Endurgjafir til knapanna hefur oft verið erfitt að nálgast frá dómurum.

Styrkleikar : Einhver sýnileiki U21 árs landsliðsins (ekki nóg þó að mínu mati). Knaparnir geta nýtt þessa reynslu inni deildirnar sínar og hafa því forskot á aðra knapa.

Þegar keppnistímabilið hófst þá fór einbeiting mín sem landsliðsþjálfara að beinast að sterkum þörum fyrir HM og þar var svo sannarlega af nægu að taka.

Knaparnir úr landsliðshópnum hafa alla tíð verið duglegir að upplýsa mig um stöðu mála. Bæði ef þeim finnst vel ganga en einnig ef þeim vantar aðstoð til að komast lengra með hestinn sinn.

Einnig hef ég verið dugleg að hringja í knapana eftir mót og heyra þeirra mat á stöðunni og einnig að gefa þeim endurgjöf á það hvað mér þykir betur megi fara.

Þegar að mótin fóru svo af stað þá einkennist starf mitt af því að ég fylgist gaumgæfilega með hverju móti og síðan eru það símtöl og eftirfylgni sem tilheyra starfinu einnig og eru gríðarlega mikilvæg samskipti fyrir mig við knapana og tel ég það einnig mikilvægt fyrir knapana sjálfa.

Mótin sem ég lagði upp með að yrðu til viðmiðunar fyrir valið voru eitt af þessum mótum :

WR Hólamótið

WR Íþróttamót Geysis

WR Íþróttamót Sleipnis

Skyldumót voru :

Reykjavíkurmestaramót

Íslandsmót ungmenna og fullorðinna

Hugmyndafræði mín með þessum mótum og að knapar næðu að fara með hesta sína á þrjú mót var sú að ég vildi að þau fengu sem breiðustu reynsluna með hestana sína.

Það var engin skylda að fara með hestana í allar samanlagðar greinar á öllum mótunum heldur var það unnið í góðu samstarfi við mig og knapana sjálfa.

Fyrirkomulagið hjá A-liðinu var annað og þar erum við að sjálfsgöðu að vinna með knapa sem hafa gríðarlega reynslu og tel ég ekki hægt að bera það saman.

Ég gekk alltaf út frá því að ég væri með unga knapa sem þyrftu að fá hvatningu til þess að sækja mótin og sækja sér reynslu með hestinum sínum. Það myndi standa með okkur þegar út væri komið.

Spurning er hvort ég hefði mátt hafa þetta aðeins opnara ? Sérstaklega með tilliti til þess að ég á endanum valdi inn í dýralæknaskoðun þar sem hafði ekki mætt á Reykjavíkurmestaramót og hlaut ég réttmæta gagnrýni á það val hjá mér. Hinsvegar hafði ég mínar ástæður fyrir því vali og gat rökstutt það að mínu mati ansi vel.

Staðreyndin er samt sú að knapar þurfa stundum hvatningu til að mæta á mótin. Það er ríkjandi álit margra að mikilvægt sé að spara hestana og er það gott og gilt. En með svo unga knapa þá er líka mikilvægt að þau fái tækifæri til að æfa sig undir álagi og vil ég meina að nokkur þaranna sem fóru út á endanum hafi fengið mikið af verkfærum með sér út einmitt vegna þess að þau sóttu þessi 3 skyldumót sem ég hafði sett upp í upphafi.

Mótin sem þau gátu valið um að mæta á fylgdist ég með þeim á Alendis og einnig höfðu þau skýr fyrirmæli um það að taka upp á myndband allar frammistöður þeirra. Þannig gat ég alltaf kallað eftir myndböndum og þau voru sett í ábyrgð fyrir því að þetta væri til.

Reykjavíkurmestaramóti og Íslandsmóti fylgdumst við Sigurbjörn saman með ungmennaflokkunum og öll úrslit sáum við saman. Einnig var Hinrik hjá LH okkur mikið innan handar sem var frábært.

Það skapaðist gott traust milli okkar Sigurbjörns og okkar samstarf var ávallt gríðarlega gott.

Það var strax ljóst að samkeppnin um sætin 5 var gríðarlega hörð. Ég glímdi við það lúxus vandamál að ég átti mikið af sérfræðingum.

Sérfræðingar í gæðingaskeiði, sérfræðingar í skeiðgreinum, sérfræðingar í fjórgangi og samanlögðu, sérfræðingar í tölti, sérfræðingar í fimmgangi og sérfræðingar í slaktaumatölti.

Fljótt var það ljóst að einhver þessara greina þurfti undan að láta því að sætin voru hreinlega ekki nógu mörg.

Lengi vel leit út fyrir að fimmgangsvængurinn væri okkar veikasti hlekkur. Þar var ekki nægilega mikill stöðugleiki í frammistöðu. Að minnsta kosti ekki samanborið við hinar greinarnar. Það hinsvegar breyttist á síðasta degi Íslandsmótsins því að þá bauðst sterkasta fimmgangspar okkar inni liðið en þessi kostur hafði ekki staðið til boða fram að því.

Seinnipart á sunnudegi Íslandsmótsins þegar úrslitin voru búin var ég tilbúin með þann hóp sem mæta skyldi í læknisskoðun landsliðsins.

Eftirfarandi pör :

Benedikt og Leira–Björk ; PP1

Glódís Rún og Salka ; F1

Herdís Björg og Kvarði ; T1

Jón Ársæll og Frár ; V1 og T1

Sigríður Ingibjörg og Ylfa – 100m skeið og 250m skeið

Arnar Máni og Arion – T2

Védís Huld og Hrafnfaxi – T2 og V1

Signý Sól og Kolbeinn – V1 og T1

Jón Ársæll og Rikki – 250m skeið og 100m skeið

Sama kvöld (sunnudagskvöld) náði ég að hringja í flesta þeirra sem höfðu verið nálægt því að vera valin inni hópinn.

Ég gerði ein mistök í ferlinu og það var að klára ekki öll símtölin þetta kvöld og er það eitthvað sem ég mun ekki láta gerast aftur.

Ef maður byrjar að tilkynna einhverjum þá klárar maður allan hópinn sama dag.

Fyrir klukkan 10:00 á mánudagsmorgni var ég þó búin að upplýsa alla um stöðu mála.

Þá vikuna lá ekkert fyrir annað en að knaparnir mættu með hrossin sín í skoðunina. Ég gat ekki valið liðið sjálf fyrir en niðurstöður þessarar skoðunar lágu fyrir.

Dýralæknaskoðunin kom vel út hjá öllum knöpunum og er það frábært. Það þýddi líka að ég gat svo sannarlega valið mína sterkustu keppendur til keppni.

Þann 7.júlí sendi ég þessum 8 knöpum eftirfarandi skilaboð persónulega :

Þú ert í lokaúrtaki mínu til vals á 5 fulltrúum U21 á HM.

Nú er dýralæknaskoðun lokið.

Ég mun taka mér tíma yfir helgina til að yfirfara öll gögn ásamt því að eitt keppnispar mun ljúka keppni í Svíþjóð sem einnig er til vals í hópinn.

Ég mun hringja í ykkur öll á þriðjudag eða miðvikudag og þá liggur valið fyrir.

Ég vil undirstrika það hversu vel þið hafið öll staðið ykkur og nú veltur þetta einungis á því hvað ég tel vera sterkast fyrir hópinn.

Ljóst er að ég mun því miður skilja 4 sterk pör eftir sem öll ættu mikla möguleika á HM.

Með góðri kveðju

Hekla Katharína

Í framhaldinu valdi ég okkar 5 fulltrúa til keppni á HM í Hollandi. Það voru :

Benedikt og Leira–Björk ; PP1

Glódís Rún og Salka ; F1

Herdís Björg og Kvarði ; T1

Jón Ársæll og Frár ; V1 og T1

Sigríður Ingibjörg og Ylfa – 100m skeið og 250m skeið

5 Íslandsmeistarar. 5 pör sem höfðu staðið sig jafn best yfir tímabilið. Sýnt stöðugan árangur og voru öll á upp leið með hrossin sín.

Í þetta sinn kom enginn slaktaumatöltari með þrátt fyrir að við ættum völ á frábærum fulltrúum þar en eitthvað þurfti undan að láta.

Bæði á Reykjavíkurmeistaramóti sem og á Íslandsmóti höfðum við Diddi fylgst með mótunum saman. Við vinnum mjög vel saman og því fannst mér rökrétt framhald að biðja hann um að hitta knapana 5 með mér fyrir mótið.

Ég og Diddi hittum Benedikt, Sigríði Ingibjörgu, Jón Ársæl og Herdísi saman fyrir mótið. Því miður var Glódís veik þegar við ætluðum að hittast og síðan var komið of nálægt brottför til að hittast með hestinn. Í staðinn hitti ég hana, Teit og Arnar Bjarka á netfundi og við ræddum ítarlega um allt það sem þeim þótti mikilvægt að hafa í huga þegar út væri komið.

Á þessum hittingum lagði ég áherslu á að kynnast þjálfunarrútínum knapana með hestana sína, hvað verður að vera til staðar, hvað þurfa þau frá okkur landsliðsþjálfurunum, athuga stöðu á járnungu og leyfa aðstandendum knapanna að koma með athugasemdir er varða ferlið. Þetta var gríðarlega mikilvægt skref í ferlinu. Þarna var hægt að sjá alla í þeirra „náttúrulega“ umhverfi og hægt að spjalla saman í rólegheitunum áður en allt skall á.

Í aðdraganda brottfarar var glæsilegur hittingur í Sumarliðabæ sem mér fannst gríðarlega vel heppnaður. Frábær matur í boði og farið var yfir ýmsiss mál með knöpunum. Einnig gátu þeir spurt.

Mér fannst strax þarna vera góð samstaða í hópnum og knaparnir tilbúnir að vera jákvæðir og með okkur í verkefninu.

Skrifstofa LH hafði bókað flug fyrir okkur öll. Knapar á þriðjudegi og teymið á föstudegi. Við Diddi vorum sammála um það að okkur þætti best ef við myndum vera komin út til knapanna okkar á fimmtudegi. Berglind var fljót að bregðast við því og erum við Diddi bæði sammála um það að það hafi verið góð ákvörðun að fara á fimmtudegi. Við Diddi höfðum sniðið fyrir knapana smá dagskrá þriðjudag, miðvikudag og fimmtudag fyrir hesta og knapa. Einungis einn af mínum knöpum hafði farið á HM með hest áður. Hin voru öll nýgræðingar og mikilvægt var að skynsemi myndi einkenna fyrstu dagana.

Við Diddi tókum góðan fund í Oddhól saman og þá bjó ég til þennan póst til bæði U21 árs knapanna sem og A-landsliðs knapanna :

Komið þið sæl kæru knapar á HM 2023,

Nú er þetta allt að bresta á og hér koma skilaboð frá okkur landsliðsþjálfurum.

Þið hafið fengið góðar upplýsingar um morgundaginn og vonandi er ekkert sem stendur út af þar. Ef svo er þá heyrið þið í okkur og við eigum að geta svarað þeim spurningum ykkar.

Varðandi ábreiður í fluginu –

Heimilt er að hafa ábreiðu í fluginu. Hún má ekki vera síð. Rétt yfir hliðar hestsins (ekki niður fyrir) og ná niður fyrir taglrótina. Þetta er gott að hafa í huga hjá þeim knöpum sem eru með ljósa hesta og gæti verið skynsamlegt en þó engin skylda.

Að sjálfsgöðu skuluð þið ekki hafa ábreiðu á hestunum ef þeir þola almennt illa ábreiður og verða fljótt pirraðir. Þetta er stutt flug.

Mikilvægt er að ábreiðan sé úr efni sem andar vel.

Varðandi flugnaspray og hreinlætisvörur fyrir hesta -

Matthias er búinn að kaupa flugnaspray, effol, sjampó, hóf olíu og fleira. Allt frá sama framleiðanda sem er í lagi fyrir doping. Á að bíða eftir ykkur á hótelinu.

Þetta er eitthvað sem hann keypti fyrir allt liðið svo við verðum 100% með allt í topplagi.

Þetta verður á staðnum og þarf því ekki að vera í kistunum ykkar.

Varðandi flugnasprayið þá hvetjum við ykkur til að nota það sparlega. Ekki nota þetta í tíma og ótíma og æra hestana ykkar á þessu hvað þá ef þeir fá einhver ofnæmisviðbrögð af þessu. Notist í hófi.

Á þriðjudaginn flýgur restin af knöpunum út.

Þið eigid að vera komin með flugmiða ásamt upplýsingum um hvernig þið komist af flugvellinum og á mótssvæði/hótel.

Hansi ætlar að halda utanum hópinn á flugleiðinni út. Telja hause í vélina og bíla og vera viss um að allir skili sér á áfangastað. Þið getið leitað til hans ef eitthvað er í þessu ferðalagi.

Dagskrá þar til við Diddi mætum á svæðið er nokkurn veginn á þessa vegu :

Þriðjudagur 1.ágúst

Teitur sem talsmaður knapa stjórnar ferðinni í eftirfarandi málum :

Koma hrossum og búnaði fyrir.

Girða fyrir utan hesthúsið.

Raða hrossum í stíur.

Geldingar við hlið stóðhesta.

Raða stóðhestum sem eru órólegir á enda þar sem minna áreiti er á þeim.

Teitur deilir út hlutverkaskipan í hesthúsinu. Leitið til hans með spurningar því tengdu.

Þennan dag (sem og aðra) þurfið þið að passa sérstaklega vel að hestar hafi greiðan aðgang að vatni (ávallt hreint og lystugt vatn) og salti.

Það eina sem er á dagskrá hjá ykkur með hreyfingu hesta er að ganga og eða hjóla með þau.

Hafið það á hreinu að hrossin ykkar eru þreytt eftir ferðalagið og þurfa líka frið inni stíu til að jafna sig.

ALLTAF skal hafa merktá útflutningsmúlinn á hrossunum séu þið með þau í hreyfingu eða úti á grasi fyrir utan gerðið. Múllinn skal alltaf merktur með númeri hestsins ykkar. Þetta er mjög mikilvægt atriði sem allir verða að virða. Stíllíð múllinn rétt og nokkuð þétt á hestinn þannig að ekki myndist hætta þegar hann fer að velta sér með múllinn.

Miðvikudagur 2.ágúst :

Þennan dag skuluð þið nýta vel til að kanna svæðið. Fyrst án hesta og í framhaldinu með hestinn með ykkur eftir leið sem þið hafið ákveðið að sé gott að kynna hestinn fyrir.

Kanna hvað er greiðfærasta leið til að komast inná svæðið á bílum og gangandi.

Hvar eru reiðleiðir.

Kunna leiðirnar vel og ekki arka af stað með hestana í einhverjar ókannaðar leiðir sem þið þekkið sjálf ekkert til.

Áfram haldið þið að hjóla/labba með hrossin. Líklega í heildina 30 – 40 mín sem kannski skiptist tvisvar yfir daginn.

Hugsanlega fara einhverjir á bak þennan dag en það er að hámarki fet reið (ræðist við landsliðsþjálfara) og ekki skal leysa spennu (sem vissulega getur verið eðlileg eftir svona breytingar) með því að þreyta hestana.

Munið það að við viljum hafa sem mesta orku á tanknum og ef tankurinn er tæmdur snemma í ferðinni getur verið erfitt og jafnvel ómögulegt að fylla á hann aftur.

Útivera hrossa í gerðum er vissulega af því góða en alls ekki hafa þau lengi úti í sól og hita. Ávallt skulu þau vera undir eftirliti og eins og sagt er hér að ofan alltaf með útflutningsmúlinn á sér.

Enginn múll annar en útflutningsmúllinn er leyfilegur á mótssvæðinu.

Ef hægt er að sýna hestum völlinn þá er það gott þennan dag á göngu/hjóli. Ef læti eru á vellinum (framkvæmdir) þá skuluð þið láta það ógert, tíminn er nægur. Við viljum ekki raska ró hestana og viljum að fyrsta reynsla þeirra af vellinum sé án streitu.

Þeir knapar sem eru með skeiðhross þurfa að huga vel að því hvernig þeir stilla sogað hvort sem þeir eru að ganga með hrossin, hjóla eða á baki. Passið að innganga ykkar á skeiðbrautina sé af upphitunarvellinum og útganga ykkar sé ávallt þar líka. Við viljum að allt sog beinist í þá átt.

Aldrei skal fara inná skeiðbrautina frá hesthúsinu okkar.

Fimmtudagur 3.ágúst :

09:00 byrjar vigtun knapa, hests og búnaðs.

Þið eigið að vera komin með ítarlegri upplýsingar um það í fyrri tölvupóstum.

Teitur stillir ykkur upp í þetta. Reynum að hafa þetta í eins mikilli ró fyrir hesta og knapa og hægt er.

Hafa stóðhesta í friði (þeas ekki hryssur á sama tíma) og utanaðkomandi áreiti sem allra minnst.

Þetta á að taka ykkur um það bil 15 mín hvert þar.

Þetta er dagskráin um morguninn.

Eftir sem áður er í góðu lagi að hreyfa hesta á göngu/hjóli en einnig að hvíla hrossin í stíunum í friði.

Þennan dag komum við landsliðsþjálfararnir á staðinn. Verðum mætt á svæðið líklega milli 16 – 17 ef allt gengur vel hjá okkur.

Allir U21 árs knaparnir hinkra eftir okkur og við förum saman yfir það hvað skynsamlegast sé að gera þennan dag og förum saman í það í framhaldinu.

A – landsliðsknapar ráðfæra sig við Didda varðandi þennan dag hvað þeim þykir skynsamlegast að gera.

Knapafundur verður haldinn strax á fimmtudagskvöld þar sem við förum yfir dagana í framhaldinu, þarfir þaranna og hristum okkur vel saman sem lið.

Við ætlum samhent inní þetta verkefni og markmiðið er skýrt! Að allir nái að framkalla sitt allra besta á brautinni og þá vitum við að árangur okkar verður frábær!

Bestu kveðjur

Hekla og Diddi

Skipaður hafði verið leiðtogi hópsins og var það Teitur sem tók það að sér. Allt hans utanumhald var frábært og á hann stórt hrós skilið fyrir það hvernig hann tók það verkefni að sér og kláraði það. Teitur í raun stjórnaði öllu þar til við Diddi mættum á svæðið. Og yfir allan þennan tíma sá hann um að gjafir og gjafaplan væru í lagi og aldrei komu upp nein alvarleg vandamál enda vel stjórnað af reynslumiklum landsliðsknapa.

Þegar við Diddi mættum á svæðið þá er komin áþreifanlegur spenningur í hópinn, eðlilega. Við hittum knapana í rólegheitunum í hesthúsinu. U21 árs knaparnir fengu ekki að þjálfra nema að ég eða einhver þjálfari teymisins væri viðstaddur og var það lína sem við fylgdum allan tímann.

Fyrsti dagurinn var jákvæður og þessi fyrstu skref gengu strax vel. Hestarnir virtust koma vel undan fluginu og knaparnir voru nokkuð rétt stilltir þrátt fyrir að spenningur væri í loftinu.

Þetta fimmtudagskvöld tókum við Diddi ansi góðan liðsfund með hópnum og náðum þar að stilla saman strengi. Við gátum farið yfir með þeim næsta dag. Það brunnu á þeim ýmsar spurningar sem við gátum svarað eða tekið áfram til mótshaldara.

Dagarnir fram að byrjun mótsins runnu síðan bara áfram. Það komu upp nokkur atriði sem virkilega þurfti að tækla vel. Allt fór í gegnum mig eða Didda og síðan vann teymið með það í framhaldinu.

Hjá U21 voru aðal atriðin þau að það þurfti að ná að stilla knapana rétt. Einhverjir þurftu að ná meiri yfirvegum á hestunum sínum. Aðrir þurftu aðeins að kveikja á perunni og halda áfram að vera góðir og kröfumiklir knapar líkt og þeir voru heima.

Allir þurftu aðeins að finna sig.

Á heildina litið var æfingátíminn fyrir mót þó mjög vel heppnaður.

Okkur var úthlutað mjög stuttum æfingátíma en náðum að semja við önnur lið um lengdan æfingátíma með því að skipta völlumum (aðalvelli og skeiðbraut) á milli okkar. Mjög góð lausn sem gaf okkur sem og liðinu sem vann með okkur auka æfingátíma á báðum völlumum.

Mikilvægt er að nýta hverja einustu mínútu vel og hafði Hinni mjög góða stjórn á því. Var fljótur að setja niður góðar tímatöflur og koma upplýsingum til knapanna.

Samskipti við skrifstofu FEIF, mótshaldara og yfirdómara voru að mestu leyti góð. Við brýndum fyrir knöpum okkar sem og teyminu að vera ávallt til fyrirmyndar við alla og koma vel fram við náungann. Að mestu náðist að fylgja því eftir.

Upp komu einhver vandamál en þau voru ávallt tekin fyrir strax og leyst.

Mótshaldarar fengu mikla hjálp frá íslenska liðinu og var ómetanlegt að hafa Didda þar í fararbroddi. Stórt vandamál var til dæmis með „collecting ring“ á fyrsta degi keppni á aðalvelli. Hann var drullusvað sem var ekki boðlegt að bjóða knöpum uppá nokkrum mínútum fyrir sína innkomu. Diddi kom með frábæra lausn sem þeir brugðust strax við. Það var miklu betra fyrir alla knapa mótsins og þá einnig fyrir mótshaldara. Knaparnir runnu bara beint af upphitunarvelli og beinustu leið inná aðalvöllinn og þurftu ekkert að stoppa við í collecting ring.

Þegar kom að mótinu sjálfu þá myndi ég segja að árangurinn segi sitt.

- Benedikt og Leira-Björk ; heimsmeistarar í gæðingaskeiði og samanlögðum fimmgangsgreinum. Var í A-úrslitum í fimmgangi.
- Glódís Rún og Salka ; heimsmeistarar í fimmgangi
- Herdís Björg ; heimsmeistari í töltili
- Jón Ársæll ; heimsmeistari í fjórgangi og samanlögðum fjórgangsgreinum. Var í A-úrslitum í töltili.
- Sigríður Ingibjörg ; silfur í 100m skeiði og 6.sæti í 250m skeiði

Að móti loknu veltir maður að sjálfsgöðu fyrir sér jákvæðum punktum sem og hlutum sem hægt væri að standa betur að :

- Teymið var stórkostlegt. Við Diddi unnum frábærlega saman og vorum dyggilega studd af Tóta Eymunds, Sigga Matt og Hinna sem stóðu sig í hvívetna frábærlega.
- Dýralæknir liðsins var stórkostlegur og vona ég svo sannarlega að búið sé að leggja grunninn að því að hann vinni með okkur á næsta móti einnig.
- Járningamaður liðsins mikill liðsmaður og auðvitað frábær í sínum störfum.
- Landsliðsnefndin og skrifstofa LH hugsaði gríðarlega vel um liðstjaldið okkar. Þar var ávallt allt til alls.
- Kiddi og Drífa voru með frábæran fatapakka tilbúin sem var allt til mikillar fyrirmyndar. Jakkafötin og æfingagallinn flott og var liðið ávallt vel til fara. Vangaveltur komu upp um hvort sniðugt væri að regnfatnaður yrði hluti af pakkanum næst og er það sannarlega eitthvað sem væri sniðugt að skoða.

- Það hefur verið gott að leita til Kidda í gegnum allt ferlið með ýmis mál. Stóru ákvarðanirnar hafa ávallt farið í gegnum hann og okkar samstarf ávallt verið hreinskiptið og farsælt.
- Stórt hrós á þá sem sáu um að bóka hótelið sem var í alla staði frábært. Það fór vel um landsliðið og teymið. Allir höfðu allt til alls og mikil almenn ánægja var með val á hóteli og aðbúnaði okkar.
- Hjólamál voru vel leyst af járningamanni liðsins. Að mínu mati hefði það mátt vera búið að ganga frá því öllu fyrr og hefðu þau þurft að vera á staðnum alveg þar til móti lauk (voru sótt á laugardegi). Ég og Diddi óskuðum eftir rafmagnshlaupahjólum fyrir mótið (með mjög góðum fyrirvara) en það náðist ekki að koma því til leiðar.

- Einhver misskilningur varð með hjálmana sem áttu að fara út með knöpunum. Þeir komu allt of seint í æfingaferlinu eða ekki fyrren á sunnudegi. Þetta er klárlega atriði sem má helst ekki koma upp en var tæklað með bestu getu.

Meðal annars komum við Diddi með 5 hjálma með okkur á fimmtudegi sem var síðan skipst á að nota á æfingunum.

- Fjölmíðlamál voru á margan hátt góð á þessu móti. Jónína var dugleg að setja inn fréttir hjá LH og upplýsa hestafólk um stöðu mála. Hulda Geirs var með frábæra þætti á RÚV og unnu hún og hennar teymi algjört þrekvirki að ná því öllu saman. Einnig fannst mér hestamiðillinn okkar Eiðfaxi til mikillar fyrirmyndar á mótinu.

- Þó verð ég að viðurkenna að ég er enn hugsí yfir því hvort við náum að gera íþróttina nægilega sýnilega fyrir hinn almenna Íslending. Ljóst er að hinn almenni hestamaður á Íslandi fékk frábæra umfjöllun nánast beint í æð og gat verið mjög vel upplýstur á meðan á mótinu stóð.

Við þurfum að ná augum og eyrum útfyrir kjarnann okkar. Ég velti fyrir mér móttöku á flugvellingum fyrir knapana okkar þegar þau lentu heima á Íslandi (við komum heim með 7 nýja heimsmeistara)? Móttaka sem kæmi í fréttatíma RÚV.

Stutt innslag í alla íþróttafréttatímana þegar HM var í gangi.

Viðtöl á Vísi eða Morgunblaðinu.

Það eiga allir að sjá okkur.

Nú veit ég að verið er að vinna í þessum málum og líklega var eitthvað af þessum ofantöldum atriðum reynt að koma á fót en þarna getum við gert enn betur.

Árangur okkar á mótinu er fáheyrður í nokkurri íþróttagrein sem við Íslendingar tökum þátt í og það eiga allir á Íslandi að vita af því.

Við fengum tvö glæsileg boð til ráðamanna þessa lands eftir að heim var komið. Heimboð til forsetans á Bessastaði gríðarlega hátíðleg stund og mikill heiður. Hittingur með ráðherra

Íþróttamála sem einnig var mjög vel heppnað og góð stund.

Þessum heimsóknnum hefði einnig mátt gera betri skil í stóru fjölmiðlunum.

- Bæði U21 árs landsliðshópurinn og A-landsliðshópurinn var frábærlega skipaður af afbragðs íþróttamönnum. Íþróttamenn sem eru okkur hestamönnum til mikils sóma. Þar tel ég að hrósa megi A-landsliðsþjálfaranum sem hefur staðið í miklum stormi með sitt lið og þurft að standa rækilega í fæturna. Ekki allir hefðu staðið þann storm af sér.

Tel ég að hans framlag til þessara mála muni vonandi ryðja veginn fyrir fleiri hestaíþróttamenn sem eru íþróttamenn fram í fingurgóma og sinna íþrótt sinni af virðingu og vegsemd.

Fyrir knapana mína í U21 árs hópnum sem og alla unga knapa á Íslandi eru þessi skilaboð mikilvæg og tel ég að hestamennskan sé að verða ansi framarlega í þessum málum miðað við aðrar íþróttgreinar og þar viljum við vera.

Ég lít stolt tilbaka á ferlið að HM 2023 í Hollandi. Ekkert ferli er fullkomið eða hafið yfir gagnrýni en árangurinn var að þessu sinni frábær.

Staðreyndin er sú að á þessu móti voru yfirburðir íslensku ungmennanna miklir. Hér á Íslandi er svo gríðarleg samkeppni um hvert HM sæti að þegar þessir knapar eru komnir á HM þá eru þeir orðnir ansi vel undirbúnir fyrir stóru stundirnar sem við fengum að upplifa í Hollandi.

Afreksstarf LH er að skila sér og þar má einnig nefna hæfileikamótun sem er frábær undanfari áður en þau ávinna sér rétt til koma inni U21 árs landsliðshópinn.

Á næsta móti eigum við 7 sæti fyrir ungmenni (2 af heimsmeisturunum okkar verða áfram ungmenni á næsta móti) og þá er ljóst að engin grein verður skilin eftir heima.

Mikilvægt er að halda áfram vel á spöðunum fram að næsta móti sem einungis eru tæp tvö ár í að hefjist og sannið til – klukkan er byrjuð að telja niður.

Takk fyrir mig.